

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað
Hafþór Eiríksson
Hafnarbraut 6
740 Neskaupstaður

Reykjavík, 10. mars 2021
UST202103-247/gf
08.10.02

Varðar þrýstiprófanir á útskipunarlögn fyrir lýsi hjá Síldarvinnslunni hf. á Neskaupstað

Umhverfisstofnun hafa borist niðurstöður þrýstiprófana á útskipunarlögn fyrir lýsi sem liggur frá lýsisgeymum félagsins niður á bryggju. Vegna gatnagerðar þurfti Fjarðarbyggð að láta færa lýsislögnina á 59 metra kafla neðan við lýsiþró Síldarvinnslunnar, við gatnamót við Landanaust.

Að breytingum loknum var lögnin þrýstiprófuð. Teknís efh. sá um þrýstiprófanir. Þrýstiprófun fór fram 13. maí 2019 og stóð yfir í 4 klst. og prófað var við 10 bara þrýsting. Sjá meðfylgjandi prófunarskýrslu. Lögnin er stálrör, DN150 með D 250 mm hlífðarkápu. Lögnin var prófuð frá tengistað við lýsisgeymi að afgangslubrunni við hafnar kant, alls um 235 metrar.

Ari Benediktsson frá Mannvit yfirför og vottaði mælinguna. Meðfylgjandi niðurstöður sýna að lögnin stóðst þrýstiprófunina.

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögnunum.

Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíu- og lýsislagnir og löndunarlagnir á að a.m.k. 5 ára fresti skv. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands